

## Ákvörðun nr. 14/2022

### Synjun á endurupptöku á ákvörðun nr. 8/2022

(Mál nr. 2022100075)

#### I.

#### Tildrög og atvik máls

##### 1.1. Endurnýjuð högun stofnljósleiðarasambands sæstrengja

(1) Í tengslum við lagningu þriðja sæstrengsins (IRIS) milli Íslands og Írlands taldi Farice ehf. tímabært að horfa til breytinga á landhluta sæstrengjakerfanna, þ.e. þau stofnljósleiðarasambönd á landi sem flytja umferðina áfram til afhendingarstaðar. Félagið ákvað að efna til útboðs til að afla hagkvæmasta tilboðið í verkið. Í útboðsgögnum Farice ehf. um landtengingar fyrir félagið, dags. 12. febrúar 2021, var gerð grein fyrir markmiðum og kröfum til nýrrar kerfishögunar á landhluta sæstrengjanna. Frestur fjaraskiptafyrirtækja til að skila inn tilboðum í verkið var ákveðinn til 3. mars 2021.

(2) Ásamt Ljósleiðaranum ehf. bauð einn annar bjóðandi í verkið. Tilboð Ljósleiðarans ehf. (Ljósleiðarinn) reyndist hagstæðara og var því tekið. Samningur milli Farice ehf. og Ljósleiðarans um verkefnið var undirritaður þann 16. júlí 2021. Samkvæmt samningnum skyldi Ljósleiðarinn afhenda ljósleiðarasambandið þann 15. ágúst 2022 með það að uppleggi að hægt væri að taka IRIS sæstrenginn í notkun á haustmánuðum þessa árs.

##### 1.2. Samráð um lagnaleið stofnljósleiðarasambandsins

(3) Stofnljósleiðarasambandinu er ætlað að samtengja landtökustaði sæstrengja í Þorlákshöfn og á Landeyjasandi. Lagnaleiðin liggur að mestu meðfram suðurströnd landsins, m.a. í gegnum jarðir og fjöru í Þykkvabæ. Ein af þessum jörðum er [...] sem er í þinglýstri eigu [...]<sup>1</sup>.

(4) Með bréfi Ljósleiðarans, dags. 24. júní 2022, voru landeigendur upplýstir um fyrirhugaða ljósleiðaralögn milli Þjórsár og Hólsár. Fengu landeigendur upplýsingar um markmið og tilgang framkvæmdarinnar auk þess sem loftmynd var send með bréfinu. Sagði í bréfinu að lagning ljósleiðarans væri ekki umfangsmikil og hvorki framkvæmdin né rekstur strengsins í framhaldinu myndi valda raski eða truflun svo teljandi væri. Kom þar fram að fyrirhuguð lagnaleið myndi valda minnsta raski fyrir ábúendur og umhverfi.

---

<sup>1</sup> Nafn lögbýlis og endurupptökubeiðanda afmáð vegna trúnaðar í öllu skjalinu.

(5) Með bréfi Ljósleiðarans ehf. til landeigenda, dags. 6. júlí 2022, var framkvæmdin kynnt með ítarlegri hætti, m.a. hvað varðar lagningu og verklag við framkvæmdirnar. Þá var lagagrundvöllur fyrir framkvæmdinni kynntur landeigendum og því beint til þeirra að eiga samráð við Ljósleiðarann um hvort gerðar væru athugasemdir við legu strengsins. Sérstaklega var óskað upplýsinga um hvort landeigendur teldu að fyrirhuguð lega raskaði raunverulegum og lögmætum hagsmunum þeirra, en reynt yrði að koma til móts við málefnalega beiðni að teknu tilliti til kostnaðar sem þær kunni að hafa í för með sér. Frestur til athugasemda var veittur til 15. júlí 2022.

(6) Í samráði Ljósleiðarans ehf. við landeigendur í Þykkvabæ um val á fyrirhugaðri lagnaleið komu fram ýmsar athugasemdir af hálfu landeigenda og hörð mótmæli af hálfu sumra þeirra.

### **1.3. Kvörtunar- og kæruráð**

(7) Með bréfi, dags. 20 júlí 2022, barst Fjarskiptastofu (FST) erindi frá Ljósleiðaranum sem varðaði aðgang að landi í tengslum við lagningu ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn að Landeyjasandi.

(8) Í erindi Ljósleiðarans kom fram að efnt hafi verið til samráðs við landeigendur í Þykkvabænum og að fyrirhuguð framkvæmd hafi mætt andstöðu tiltekinnna landeigenda sem voru tilgreindir í erindi félagsins og voru þær meðfylgjandi.

(9) Ljósleiðarinn krafðist viðurkenningar á rétti félagsins til aðgangs að því landi og þeim jörðum í Rangárþingi ytra sem þyrfti til þess að leggja ljósleiðarastrenginn í samræmi við fyrirhugaða lagnaleið ljósleiðarastrengsins, samkvæmt lagaheimild í 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

(10) Með erindi Ljósleiðarans fylgdi listi yfir þá þinglýstu landeigendur í Þykkvabæ sem krafa félagsins beinist að, en fjöldi eignalanda samkvæmt landeignaskrá var um sjötíu talsins.

(11) Með ákvörðun FST nr. 8/2022 frá 22. september 2022 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir tiltekna hnökra á framkvæmd samráðs af hálfu Ljósleiðarans við landeigendur að þá uppfyllti það kröfur laga um samráð fjarskiptafyrirtækja við landeigendur um val á lagnaleið. Að þessu skilyrði uppfylltu var það niðurstaða FST að Ljósleiðarinn ætti rétt til aðgangs að jörðum í Þykkvabænum til lagningar á ljósleiðarastreng samkvæmt hnitsettri lagnaleið sem tilgreind var í viðauka við ákvörðunina.

(12) Niðurstaða FST samkvæmt ákvörðun nr. 8/2022 var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála (ÚFP) með bréfi eins landeigenda, dags. 18. október 2022, en jafnframt fyrir hönd tiltekins hóps landeigenda. Fallist var á kröfu landeigenda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar, sbr. úrskurð í kæruráli nr. 5/2022 frá 25. nóvember 2022. Í efnislegri niðurstöðu kærurálsins þann 20. desember s.l. tók ÚFP undir með FST að þótt að hnökur hefðu verið á framkvæmd samráðs Ljósleiðarans við landeigendur að þá uppfyllti það skilyrði laga. Niðurstaða FST var síðan efnislega staðfest en þó á aðeins breyttum forsendum, sem ekki þykir vera þörf á að rekja hér.

## II.

### Beiðni um endurupptöku og málsmeðferð

#### 2.1. Beiðni um endurupptöku

(13) Með tölvupósti, dags. 17. október 2022, barst Fjarskiptastofu beiðni frá [...], (hér eftir endurupptökubeiðandi), þinglýstum eiganda jarðarinnar [...] í Þykkvabæ, beiðni um endurupptöku á ákvörðun stofnunarinnar nr. 8/2022 frá 22. september 2022. Eins og fyrr greinir varðaði ákvörðunin rétt Ljósleiðarans til aðgangs að landi í eignarlöndum í Þykkvabæ til lagningar á ljósleiðarastreng samkvæmt þeirri lagnaleið sem tilgreind var í viðauka ákvörðunarinnar.

(14) Efni endurupptökubeiðinnar varðar um 1000 hektara svæði sem Hvíosinn safnar vatni frá. Í henni kemur fram að nauðsynlegt sé að grafa upp framræsluskurði á 5-10 ára fresti til að dreina landið. Í erindinu er vikið að nokkrum atriðum sem endurupptökubeiðandi telur að ákvörðunin hafi byggt á með röngum hætti eða hún hafi ekki tekið tillit til.

*Í fyrsta lagi* er fullyrðingu Ljósleiðarans að hreinsað hafi verið upp úr framræsluskurðum Hvíóssins í fyrra ekki rétt.

*Í öðru lagi* þverir ljósleiðarastrengurinn Þjórsá sem er skráð malartökusvæði. Þverun ljósleiðarastrengs yfir ána takmarki umrædda landnýtingu sem bæta þurfi fyrir.

*Í þriðja lagi* þurfi að gera tiltekna ráðstafanir til að verja ljósleiðarastrenginn sem þverar framræsluskurði á svæðinu. Segir m.a. eftirfarandi: „Það sem þarf að gera til að þetta verið almennilegt er að grafa upp skurðinn, grafa svo um 1 – 1,5 meter lengra þar sem strengurinn á að liggja, steypa járnþentann stökk sem hlífir kaplinum [...]“

(15) Í niðurlagi erindisins var á grundvelli framangreindra atriða farið fram á að Fjarskiptastofa endurupptæki ákvörðun sína.

(16) Rétt er að geta þess að endurupptökubeiðandi var ekki í hópi kæranda í framangreindu kærumáli nr. 5/2022 fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

#### 2.2. Frumafstaða til endurupptökubeiðinnar og andmælaréttur

(17) Við mat á erindi endurupptökubeiðanda þótti FST vera tilefni til skoða hvernig ágreiningsefnið var landfræðilega afmarkað í ákvörðun nr. 8/2022, en sú lagnaleið sem umkvörtunarefni endurupptökubeiðinnar markast við fellur fyrir utan andlag og skuldbindingargildi umræddrar ákvörðunar. Jafnframt taldi FST þörf á að skoða tiltekna efnisþætti ákvörðunarinnar vegna samskonar efnisþátta í endurupptökubeiðinni, einkum hvað varðar bætur fyrir skerðingar á möguleikum landeigenda til landnýtingar, í þessu tilviki mögulegrar efnistöku. Þá taldi stofnunin einnig vera tilefni að hafa hliðsjón að leiðbeiningum um faglegt verklag við frágang fjarskiptastrengja í jörðu.

(18) Eftir skoðun á framangreindum atriðum var það frumniðurstaða FST að þau atriði sem tíunduð voru í endurupptökubeiðinni gæfu ekki tilefni að endurupptaka ákvörðun FST nr.

8/2022. Með bréfi stofnunarinnar, dags. 2. nóvember 2022, var frumafstaða hennar til þessa kynnt endurupptökubeiðanda og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða niðurstöðu um synjun endurupptökubeiðinnar. Frestur til svara var veittur til 16. nóvember s.l.

(19) Engar athugasemdir bárust frá endurupptökubeiðanda innan tilskilins svarfrests.

### III.

#### Skilyrði fyrir endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar

(20) Í stjórnisýslulögum nr. 37/1993 er gert ráð fyrir því að aðili að stjórnisýslumáli eigi rétt á því að stjórnvald endurupptaki stjórnvaldsákvörðun sem það hefur tekið, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Um þetta er fjallað í 24. gr. laganna sem er svohljóðandi:

*„Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:*

*1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða*

*2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.*

*Eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun skv. 2. tölul. 1. mgr. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.“*

(21) Samkvæmt framangreindu er ljóst að skilyrði fyrir endurupptöku máls er að stjórnvaldsákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum á þeim tíma sem hún var tekin eða, ef um íþyngjandi ákvörðun hafi verið er að ræða, að atvik hafi breyst verulega frá því að ákvörðunin var tekin með þeim afleiðingum að forsendur hennar verða taldar brostnar.

### IV.

#### Afmörkun máls í ákvörðun nr. 8/2022

(22) Lagning ljósleiðarastrengs í gegnum eignarlönd í Þykkvabænum er hluti af stærri framkvæmd sem er að tengja á milli landtökustaða sæstrengja í Þorlákshöfn og á Landeyjarsandi. Af gögnum málsins var ljóst að þegar var búið að leggja strenginn að hluta til inn í Þykkvabæ eða með því að þvera Þjórsá og Hólsá. Af athugasemdum sumra landeigenda, þ.m.t. endurupptökubeiðanda, sem fylgdu kvörtun Ljósleiðarans ehf. virðist það hafa verið gert án vitundar þeirra. Í kvörtun Ljósleiðarans var ekki vikið að þessu sérstaklega eða þessum fullyrðingum mótmælt á síðari stigum.

(23) Hins vegar varðaði erindi Ljósleiðarans ágreining félagsins við landeigendur um aðgang að þeim hluta lagnaleiðarinnar sem liggur í gegnum Þykkvabæ. Sá ágreiningur laut fyrst og fremst að vali Ljósleiðarans ehf. á lagnaleið á þeirri leið og um bætur til landeigenda vegna

skerðingar á möguleikum til landnýtingar. Var það mat Fjarskiptastofu að um væri að ræða ágreining sem væri á valdi Fjarskiptastofu að leysa úr á grundvelli 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Því var ágreiningsefni málsins afmarkað með þessum hætti:

„Samkvæmt gögnum þessa máls hefur Ljósleiðarinn þegar lagt ljósleiðarastreng sem þverar bæði Þjórsá og Hólsá. Sú lagnaleið var ekki tilgreind á þeim uppdrætti sem sendur var landeigendum til kynningar og er ekki hluti af þeirri kröfu sem Ljósleiðarinn krefst viðurkenningar um í máli þessu. Úrlausn þessa máls tekur því ekki til ljósleiðarastrengs sem Ljósleiðarinn hefur þegar lagt yfir árnar og ætlunin er að muni tengjast við streng sem [liggja á] í gegnum Þykkvabæ.“

(24) Framangreind afmörkun ágreiningsefnis í þessu tiltekna máli kemur þó ekki í veg fyrir að landeigendur stofni til sjálfstæðs kvörtunarmáls gagnvart Ljósleiðaranum varðandi atvik sem þeir telja að hafa farið í bága við fjarskiptalög og sé á valdi Fjarskiptastofu að leysa úr.

## V.

### Frágangur fjarskiptastrengja við þverun skurða


(25) Efni endurupptökubeiðninnar varðar m.a. ráðstafanir til að tryggja öryggi jarðstrengsins sem endurupptökubeiðandi telur að séu ónógar. Í leiðbeiningum FST um frágang og öryggi ljósleiðarastrengja frá því í nóvember 2018 [PFS(18)-01] er finna eftirfarandi leiðbeiningar um réttan frágang jarðstrengja sem þvera skurði.<sup>2</sup> Í þeim segir eftirfarandi:

- a. Framkvæma skal þveranir skurða og lækja þannig að viðkomandi vatnsfarvegur breyti ekki um stefnu eða stíflist og valdi flóðum á nærliggjandi svæðum.
- b. Við þverun framræsluskurða og lækja skal taka niður bakka þeirra þannig að hægt sé að plægja eða grafa strengi niður í lágmarksdýpt og forðast of krappar beygjur á rörum eða strengjum. Sérstaklega skal forðast að vinnuvélar lyfti eða setji plóg snögglega upp eða niður við plægingu, þegar farið er yfir skurði eða læki.
- c. Lágmarkslagnadýpt við þveranir á skurðum og lækjum skal vera 1 metri m.v. lægsta stað á botni við þverunina.
- d. Ganga skal frá lækjarbökkum eins og þeir voru fyrir lögn strengsins og hlaða skal skurðbakka aftur með torfi eða öðru efni sem fulltrúi verkkaupa samþykkir, og ganga þannig frá að skurðbakki rofni ekki.
- e. Merkja skal legu röra og strengja með því að reka niður hæl á áberandi og öruggum stað, sem valinn er m.t.t. að hællinn skolist síður burtu í vatnavöxtum, eða brotni við umferð vinnuvéla.

(26) Á eftirfarandi mynd er sýnt hvernig standa á að verki við þverun skurða vegna lagningu ljósleiðarastrengja undir skurði, en sérstaklega er minnst á framræsluskurði í því sambandi:

---

<sup>2</sup> Sjá leiðbeiningarnar á heimasíðu FST: <https://www.fjarskiptastofa.is/library/?itemid=277c8637-f25a-11e8-9432-005056bc2afe>



(27) Í kvörtun Ljósleiðarans ehf., dags. 20. júlí 2022, þar sem lagnaleiðinni var lýst og útskýrt hvernig staðið yrði að framkvæmdum, kemur m.a. fram að ljósleiðarastrengurinn liggja á rúmlega eins metra dýpi. FST hefur fengið það staðfest frá Ljósleiðaranum ehf. að framkvæmdin hafi einnig að öðru leyti verið unnin í samræmi við framangreindar leiðbeiningar.

(28) Leiðbeiningar FST um frágang og öryggi ljósleiðarastrengja byggja á þektri og viðurkenndri aðferðarfræði á þessu sviði (e. best practices). Almennt er því ekki gert ráð fyrir því að ljósleiðarastrengur sem grafinn er í botn skurðar sé varinn með stálkápu, lagður í steypum stökk eða þess háttar. Verður því að telja að verklag Ljósleiðarans ehf. við þverun framræsluskurða í Þykkvabæ gefi ekki tilefni til athugasemda af hálfu FST. Að öðru leyti ætti frágangur strengsins vera í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í erindi endurupptökubeiðanda.

## VI. Niðurstaða

### 6.1. Meintar rangar fullyrðingar Ljósleiðarans

(29) Fjarskiptastofa telur að það hafi ekki haft þýðingu fyrir úrlausn ágreiningsmálsins þótt að fullyrðing endurupptökubeiðanda sé rétt um að framræsluskurðir hafi ekki verið grafnir upp í fyrra, eins og haldið var fram af hálfu Ljósleiðarans. Mestu skiptir hvort að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir skemmdir eða rof á strengnum við hreinsun framræsluskurðanna í framtíðinni, sbr. umfjöllun í kafla V. hér að framan. Slíkar ráðstafanir leiða til þess að ekki skiptir máli hvenær framræsluskurðirnir voru síðast grafnir upp.

### 6.2. Skerðing á landnýtingu til malarnáms og bætur

(30) Að því er meinta skerðingu á landnýtingu vegna malarnáms varðar, þá var vikið að því ákvörðuninni. Þrátt fyrir andlag ákvörðunar nr. 8/2022 hefði landfræðilega verið afmarkað við þá lagnaleið sem ennþá átti eftir að framkvæma þótti FST vissara að fjalla um þessa málsástæðu, þar sem ekki lá ljóst fyrir hvort malarnámssvæðið næði inn á óplægt landsvæði, en í aðalskipulagi Rangárþings ytra er malarnámssvæðið ekki nákvæmlega afmarkað á landakorti og því var ekki hægt að taka af allan vafa um staðsetningu svæðisins.

(31) Almennt var fjallað um skilyrði þess að hægt væri að horfa til möguleika á skertri landnýtingu, sbr. eftirfarandi:

„Þegar metin er skerðing á möguleikum til landnýtingar er það núverandi landnýting eða fyrirhuguð landnýting, sem ákveðin hefur verið með bindandi hætti, sem kemur til skoðunar. Því er ekki hægt að leggja til grundvallar hugmyndir um fyrirhugaða landnýtingu sem eru ómótaðar og óvíst hvort að komist til framkvæmda. Þá getur metin fyrirhuguð landnýting ekki byggt á skilyrðum sem eiga eftir að raungerast á seinni stigum, s.s. að landnýting sé háð þeirri forsendu að viðeigandi leyfi fái frá skipulagsyfirvöldum.

Fyrirhuguð landnýting þarf því að styðjast við gögn sem renna stoðum undir það að raunverulegir hagsmunir séu í húfi, en þetta geta t.d. verið gögn á borð við útgefið framkvæmdaleyfi, umhverfismat, heimild í deiliskipulagi, samningar um fjármögnun framkvæmda, samþykktar teikningar og hönnunarforsendur o.s.frv. allt eftir eðli máls.“

(32) Þá var sérstaklega vikið að mögulegri skerðingu á landnýtingu vegna efnistöku. Gerður var greinarmunur á því hvort að um væri að ræða málarnám eða sandtöku landeigenda til eigin afnota eða hvort um væri að ræða umsvifamikla efnistöku sem væri leyfisskyld. Um þetta sagði í ákvörðuninni:

„Hvað varðar hið fyrrnefnda að þá urðu starfsmenn Fjarsskiptastofu ekki varir við málarnám á lagnaleiðinni í vettvangsferð sinni. Verður því að ætla að um sé að ræða málarnám eða sandtöku landeigenda til eigin afnota. Slík minniháttar efnistaka er ekki háð framkvæmdarleyfi samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/ 2010. Það er álit FST að lagning ljósleiðarastrengs í Þykkvabæ skerði ekki svo nokkru nemi möguleika landeigenda til minniháttar efnistöku til eigin nota.

Öðru máli gegnir um meiriháttar efnistöku sem kallar á framkvæmdaleyfi og líklega einnig umhverfismat. Í athugasemdinni, sem varðaði töku byggingarefnis úr fjöru, var tekið fram að um væri að ræða mikið magn efnis sem ætlað væri í sölu til erlendra byggingarfyrirtækja. Í ljósi orðalags athugasemdarinnar, þ.e. að „komið hefur til tals“ að fara út í slíkar framkvæmdir má draga þá ályktun að framkvæmdaleyfi og umhverfismat liggi ekki fyrir. Þegar af þeim ástæðum er ekki hægt að taka til greina skerðingu á mögulegri landnýtingu sem háð er skilyrðum sem enn eru ekki uppfyllt.“

(33) Samkvæmt framangreindu var í ákvörðun FST gengið út frá því að efnistaka á því svæði sem strengurinn liggur um eða á nærliggjandi svæðum væri minniháttar og til eigin nota fyrir landeigendur, enda voru engin sjáanleg ummerki um umsvifamikla efnistöku sem starfrækt væri í atvinnuskyni þegar starfsmenn FST fóru í vettvangsferð á staðinn. Ef efnistaka af þeirri stærðargráðu á sér stað þarf hún að styðjast við útgefið framkvæmdaleyfi sem setja starfseminni ákveðin skilyrði, m.a. um afmörkun á efnistökusvæðinu. Þá væri hægt að meta hvaða takmörkun lega strengsins hefði í för með sér og meta mögulegt tjón þar að lútandi.

(34) Ef endurupptökubeðandi telur vera forsendur fyrir því að fá bætur fyrir takmörkun á landnýtingu vegna efnistöku telur FST óþarft að endurupptaka ákvörðunina á þeirri forsendu. Því það ræðst á endanum ekki af ákvörðun FST hvort bætur skuli koma fyrir skerta landnýtingu eða ekki og hverjar skuli vera fjárhæðir þeirra séu þær samþykktar. Samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 er slík ákvarðanatataka á hendi matsnefndar eignarnámsbóta sem ekki er bundin af ákvörðun FST. Semjist ekki við Ljósleiðarann um sanngjarnar bætur fyrir sannanlega skerðingu á landnýtingu er unnt að skjóta slíku bótamáli til úrlausnar nefndarinnar. Kveðið var upp úr um réttan lagaskilning hvað þetta varðar í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í kærumáli nr. 5/2022 frá 20. desember 2022.

### **6.3. Meintur skortur á ráðstöfunum til að tryggja öryggi fjarskiptastrengsins**

(35) Í ákvörðun FST nr. 8/2022 var ekki fjallað um meintan skort á ráðstöfunum til að tryggja öryggi ljósleiðarastrengsins við þverun hans yfir Þjórsá og framræsluskurða sem liggja austan megin við ána. Helgaðist það af landfræðilegri afmörkun á ágreiningsefni málsins, sbr. kafla IV. hér að framan.

(36) Í ljósi fram kominnar endurupptökubeiðni um atriði sem ekki var fjallað um umræddri ákvörðun þótti FST engu að síður tilefni til að kanna hvort að mögulegar brotalamir hefðu átt sér stað við þverun ljósleiðarastrengsins yfir framræsluskurðina sem með réttu hefði átt að fjalla um í téðri ákvörðun FST. Við skoðun á gögnum sem varðar slíkar ráðstafanir og upplýsingum um hvernig Ljósleiðarinn stóð að verki þykir ekki vera tilefni til að endurupptaka ákvörðun nr. 8/2022 hvað varðar þennan þátt málsins.

(37) Framangreind niðurstaða FST felur eingöngu í sér afstöðu til beiðni og tilefni til endurupptöku á ákvörðun FST nr. 8/2022. Sú niðurstaða kemur ekki veg fyrir að ágreiningsefni um þennan þátt málsins geti verið lagt fyrir stofnunina í nýju og sjálfstæðu máli, enda komi fram rökstuddar umkvartanir þar að lútandi fram frá endurupptökubeiðanda eða öðrum aðilum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta.

### **6.4. Synjun á beiðni um endurupptöku ákvörðunar**

(38) Samkvæmt framangreindu telur FST að ákvörðun nr. 8/2022 taki almennt ekki til þess hluta ljósleiðarastrengsins sem endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda tekur til. Tók ákvörðunin því ekki til þeirra atriða er varða ráðstafanir til að tryggja öryggi jarðstrengja við þverun skurða, sbr. athugasemda endurupptökubeiðanda og þeirra sjónarmiða FST sem vikið var að í kafla V. hér að framan. Ekki þykja vera efni til að endurupptaka ákvörðunina af þessum sökum.

(39) Í ákvörðuninni var hins vegar fjallað um hugsanlega skerta möguleika til landnýtingar og til hvaða skilyrða þyrfti að horfa til varðandi hugsanlegar bætur, þ.m.t. skerta nýtingu lands til efnistöku. Sú umfjöllun verður að telja að geti átt við um lagnaleiðina í heild sinni og þá efnistöku sem vísað er til í erindi endurupptökubeiðanda. Aftur á móti er það niðurstaða FST að ekki sé þörf á því að endurupptaka ákvörðun stofnunarinnar til að láta reyna á mögulegan bótarétt vegna skerðingar á möguleikum til efnistöku, ef endurupptökubeiðandi telur að FST hafi ranglega metið forsendur hans til þess, enda er það matsnefnd eignarnámsbóta sem fer með slíkt stjórnsýsluvald samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022.



(40) Að öllu ofangreindu virtu verður ekki séð, að álitu FST, að skilyrði fyrir endurupptöku á ákvörðun FST nr. 8/2022, samkvæmt 24. gr. stjórnáslaganna nr. 37/1993, séu uppfyllt, þ.e. að ákvörðunin hafi byggt á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum, á þeim tíma sem hún var tekin, eða að atvik hafi breyst verulega frá því að ákvörðunin var tekin með þeim afleiðingum að forsendur hennar hafi brostið. Kröfu endurupptökubeiðanda um endurupptöku á ákvörðun FST nr. 8/2022 frá 22. september 2022 er því hafnað.

#### *Ákvörðunarorð*

- 1. Beiðni [...], dags. 17. október 2022, um endurupptöku á ákvörðun Fjaraskiptastofu nr. 8/2022 frá 22. september 2022, er hafnað.**
- 2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjaraskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjaraskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjaraskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjaraskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

*Fjaraskiptastofa, 30. desember 2022*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Björn Geirsson